



2. fundur stjórnar Fimleikasambands Íslands

Fundur haldinn í D sal ÍSÍ, miðvikudaginn 17. nóvember 2021, kl. 17:00.

Mættir: Eva Hrund Gunnarsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Kristinn Arason, Magnús Heimir Jónasson, Halldóra Guðvarðardóttir, Marta Sigurjónsdóttir, Sigurbjörg Fjölisdóttir og Axel Þór Eysteinnsson.

Forföll boðaði: Guðbjörg Snorradóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Eva Hrund Gunnarsdóttir

Málefni tekin fyrir á milli funda í tölvupósti

1. Leyfisreglugerðin uppfærð – til samþykktar

Samþykkt af stjórn í tölvupóstum.

2. Dómarasamningur – bakgrunnur og útfærsla

Erindi kom frá Dómarafélaginu um að hækka laun dómara. Lagðar voru fram 3 útfærslur um hækkun dómara launa og hver hækkun yrði þá á dómara gjaldi félaga eftir að lagðir voru fram útreikningar á dómara launum síðasta mótatímabils. Ákveðið var að fara út í útfærslu nr. 3, þannig að D dómara laun hækki upp í 9.000 kr. hlutann og E dómara laun upp í 6.500 hlutann. Í þeirri útfærslu reynist nauðsynlegt að hækka dómara gjöld um 150 kr. á hvern keppenda. Útfærslan var send á félögin, engar athugasemdir bárust.

3. Framhaldsþing – bréf til félaga

Bréf voru send á þau félög sem mættu á Fimleikaþing 2021 varðandi framhaldsþing sem átti að fara fram 27. nóvember. Fyrir framhaldsþingi liggja fimm tillögur í þingskjölum 3, 4, 6, 7 og 8, ásamt 13 lagabreytingatillögum í þingskjölum 9 – 21. Í ljósi þess að á framhaldsþingi gilda sömu kjörbréf og þann 4. september sl. sem þýðir að einungis 1 – 3 einstaklingar frá félögunum sem mættu á fyrri hluta þingsins geta tekið þátt í fyrirhuguðum umræðum, leggur stjórn FSÍ til að tillögu frá Íþróttafélaginu Gerplu (þingskjal 6) verði frestað til Fimleikaþings 2022. Einnig leggur stjórn FSÍ til að þingskjölum 3, 4, 7 og 8 verði fundinn stærri og opnari vettvangur til umræðu með fagfólki hreyfingarinnar og málefnið verði í framhaldinu tekin fyrir á Fimleikaþingi 2022 með breiðari hópi fólks í hreyfingunni. Að lokum leggur stjórn FSÍ til að tillögur að laga- og reglugerðabreytingum (þingskjöl 9-21) verði lagðar fyrir Fimleikaþing 2022. Öll aðildarfélögin samþykktu tillögu stjórnar og verða þingskjölin lögð fram á Fimleikaþingi 2022.

Málefni tekin á fundi

4. Fréttir af skrifstofu – til upplýsinga

Eurogym. Fimm félög hafa skráð sig á Eurogym 2022, eða samtals 140 þátttakendur. Hátíðin fer fram í Neuchatel í Sviss 9. – 15. júlí. Skráðir fararstjórar eru Helga Svana, Eva Hrund og Fjóla.

Golden age. Hátíðin fer fram á Madeira 2. – 7. október 2022. FSÍ hefur sent inn 100 manns í forskráningu. Í byrjun febrúar sendum við frá okkur nákvæmari fjölda. Upplýsingafundur var haldinn í vikunni og var áhugi mikill.

Mótamál. Haustmóti 1 og 2 í hópfimleikum og stökkfimi sem áttu að fara fram 13. – 14. nóvember og 20. – 21. nóvember hefur verið frestað til 11. – 12. og 18. – 19. desember. Haustmót í áhaldafimleikum er á dagskrá og heldur sér næstu helgi. Mótið hefur verið aðlagð núverandi takmörkunum.

Áhaldafimleikar. 4 landsliðsverkefnum er lokið en það er HM í Japan sem fram fór í október, NMJ sem fór fram í október í rafrænni útfærslu, Gymnova Cup í Belgíu sem fram fór í nóvember og NEM í Wales sem fór fram í nóvember. Á Norðurlandamóti unglunga varð Dagur Kári Norðurlandameistari unglunga á svífrá og bogahesti, drengjaliðið varð í 2. sæti, Sigurður Ari varð í 3. sæti á stökki og gólfi og Ragnheiður Jenný í 2. sæti á gólfi. Á Gymnova Cup (unglingamót) átti Ísland tvær stúlkur í úrslitum, þær Örnú Brá á stökki og Margréti Júlíu á slá. Árangurinn á NEM (fullorðnir) var einnig glæsilegur, Jónas Ingi var í 3. sæti á gólfi, Margrét Lea í 2. sæti á gólfi og átti Ísland sex keppendur í úrslitum. Það var skemmtilegt að keppa en krefjandi að keppa og ferðast í Covid. Norðurlandamótinu var streymt, en Kristinn Arason, formaður FSÍ, sá um tæknimálin og á heiður skilið.

Hópfimleikar. Mikill undirbúningur og vinna í gangi fyrir Evrópumótið í hópfimleikum sem fram fer í Portúgal fer um mánaðarmótin.

Afrekssjóður. Vinna er farin í gang að sækja um í Afrekssjóð 2022 sem og að skila inn skýrslu og uppgjöri til ÍSÍ fyrir árið 2021.

Felix tölur. Iðkendatölur Felix eru komnar inn á [heimasíðu ÍSÍ](#), það hefur verið smá fjölgun milli ára. FSÍ mun setja fram tölfræði og birta á heimasíðu FSÍ á næstu dögum.



5. Landsliðsþjálfari kk, tilraunaverkefni – til samþykktar

Landslið karla í áhaldafimleikum er það besta sem Ísland hefur átt, við höfum áður átt mjög frambærilega einstaklinga en núna er staðan sú að við eigum marga mjög góða. Á næsta ári fer í gang svokallað liða ár, þar sem þeir keppa sem lið bæði á NM og EM en EM verður í fyrsta skipti undankeppni fyrir liða HM. FSÍ vil ráða landsliðsþjálfara karla í áhaldafimleikum í 50% starf frá 1. des 2021 – 1. des 2022. Með heimild til að framlengja verkefninu, að mati á því loknu. Stjórn samþykkir tillöguna.

6. Endurmörkun á FSÍ (e. rebrand) – til samþykktar

FSÍ hefur verið í viðræðum við fyrirtæki um endurmörkun á heildarútliti FSÍ. Fyrirtækið myndi endurhanna vörumerki og heildarútlit vörumerkisins. Stjórn samþykkir að FSÍ fari út í endurmörkun og vil tengja hana við Norðurlandamót í áhaldafimleikum sem fram fer á Íslandi á næsta ári og setur skilyrði á að þetta sé tilbúið fyrir mótatímabilið á næsta ári.

7. Sportabler, þjónustusamningur við FSÍ – til samþykktar

Það hefur reynt slungið að vera í samskiptum við iðkendur í úrvalshópum, landsliðum o.s.frv. Sportabler hefur sent okkur tilboð í þjónustu, þannig að samskiptin fari fram þar. Samþykkt.

8. Fjármálaregluverk – til samþykktar

Niðurstaða síðasta fundar var að stjórn myndi lesa Fjármálaregluverkið fyrir næsta fund, þar sem ekki reyndist tími til þess að fara í gegnum það á síðasta fundi. Stjórn hefur engar athugasemdir og samþykkir.

9. Níu mánaða uppgjör – til upplýsinga

Eva Hrund fór yfir níu mánaða uppgjör. Fjármálin líta nokkuð vel út en það á hinsvegar eftir að bóka stóra reikninga fyrir erlendu verkefni sem hófust í október.



10. Formanna- og framkvæmdastjórafundur ÍSÍ, 8. desember – til upplýsinga

Stjórn upplýst um formanna- og framkvæmdastjórafund ÍSÍ sem fram fer miðvikudaginn 8. desember. Fundurinn verður haldin rafrænt.

Önnur mál

11. Flæði inn í fimleikasölum

Rætt var um það á síðasta fundi að skoða flæði inn í fimleikasölunum. Þessi vinna fer í gang næstu daga.

12. Ráðningar

Á síðasta fundi var rætt um ráðningarferli afreksstjóra í hóp fimleikum og landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum kvenna. Edda Dögg Ingibergsdóttir var ráðin sem afreksstjóri í hóp fimleikum, ekki hefur verið ráðið í landsliðsþjálfara í áhaldafimleikum kvenna ennþá.

Fundi slitið kl. 19:15 .